

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 34/2017

2018/EES/78/34

frá 3. febrúar 2017

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun nr. H7 frá 25. júní 2015 um endurskoðun ákvörðunar nr. H3 um ákvörðun dagsetningar sem taka þarf tillit til varðandi umreikningsgengi sem um getur í 90. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 ⁽¹⁾.
- 2) VI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 3.H3 (ákvörðun nr. H3) í VI. viðauka við EES-samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

– **32016 D 0211(06)**: Ákvörðun nr. H7 frá 25. júní 2015 (Stjúd. ESB C 52, 11.2.2016, bls. 13).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar nr. H7, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. febrúar 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjúd. ESB C 52, 11.2.2016, bls. 13.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.